

Mál nr. 17/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur á þjóðvegi nr. 1, Suðurlandsvegi, við vegamót Villingaholtsvegur þann 28.11.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 1.2.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 11.2.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Vörubifreiðinni A var ekið á eftir bifreiðinni B vestur Suðurlandsveg, en á undan B var ekið dráttarvél. Við vegamót Villingaholtsvegur hugðist ökumaður A aka fram úr ökutækjunum sem á undan fóru. Í sömu svifum beygði ökumaður B til vinstri áleiðis suður Villingaholtsveg. Rákust þá saman hægri hlið A og vinstra framhorn B. Snjóþekja huldi yfirborð vegarins og af þeim sökum sáust ekki yfirborðsmerkingar, þ. á m. um 350 m löng óbrotin miðlína (L11) austan vegamótanna. Myrkur var og slydda og hálka á veginum þegar áreksturinn varð.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á um 80-90 km hraða á klst. fram úr B sökum þess hversu hægfara henni og dráttarvélinni var ekið. Er hann hafi ekið A upp að hlið B hafi ökumaður B gefið stefnuljós til vinstri og ekið inn í hlið A. Ökumaður A kvaðst hafa hafið framúraksturinn rétt áður en komið var að gatnamótunum. Þá ber hann því við að vegmerkingar hafi ekki sést.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á eftir dráttarvélinni á 15-20 km hraða á klst. og ætlað að beygja til vinstri inn á Villingaholtsveg. Hann hafi gefið stefnumerki og beygt til vinstri yfir á öfugan vegarhelming og hafnað í hlið A, sem hann hafði ekki orðið var við.

Álit.

Á um 350 m löngum kafla austan gatnamótanna er óbrotin miðlína. Slík lína gefur til kynna að hættulegt sé að aka yfir hana og óheimilt nema brýna nauðsyn beri til, sbr. a. lið 23. gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra. Línan sást á hinn bóginn ekki vegna snjóþekju og ekki kemur fram í málsgögnum að bann við framúrakstri hafi verið gefið til kynna með umferðarmerki, B33.11 eða B33.21, sbr. 5. gr. rgj. nr. 289/1995. Ekki er vitað um önnur merki við veginn sem gáfu til kynna að gatnamót væru framundan. Hvað sem leið hugsanlegri vitneskju ökumanns B um hina óbrotu miðlínu mátti hann ekki gefa sér að ökumaður, sem á eftir kæmi, vissi um tilvist hennar eins og hér stóð á. Í ljósi þessa bar honum að ganga úr skugga um að hann gæti beygt á vegamótunum án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra sem fara í sömu átt og gefa umferð á eftir sérstaklega gaum, sbr. 2. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Á þessu varð misbrestur og á ökumaður B því nokkra sök á árekstrinum. Ósannað er að ökumaður B hafi vitað af hinni óbrotu miðlínu á veginum. Engin önnur merki voru til staðar við veginn, svo vitað sé, sem gáfu til kynna að framúrakstur væri bannaður. Við svo búið er ekki unnt að virða það ökumanni A sérstaklega til sakar að hafa ekið yfir miðlínuna í því skyni að aka fram úr B. Engu

að síður ók hann á 80-90 km hraða á klst. á hálum veginum í myrkri og slyddu og hugðist aka fram úr tveimur ökutækjum. Hann gaf engin merki, hljóð- eða ljósmerki, um fyrirhugaðan framúrakstur. Ökumaður A ók of hratt miðað við aðstæður og gekk ekki nægilega úr skugga um að unnt væri að aka fram úr án hættu, sbr. 2. mgr. 20. gr. ufl. Verður áreksturinn fyrst og fremst rakinn til þessa. Verður ökumanni A því gefin meginsök á árekstrinum. Eftir atvikum öllum þykir rétt að skipta sök þannig að ökumaður A beri 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 11. mars 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.